






Þekkingarnet  
Þingeyinga

# MANNFJÖLDAÞRÓUN Í ÞINGEYJARSÝSLUM

2012-2021



Mars 2021

Mars 2021

Þekkingarnet Þingeyinga

*Forsíðumyndir (frá vinstri):*

Íbúafjöldi á starfssvæði Þekkingarnetsins: Þekkingarnet Þingeyinga  
Íbúafjöldi á Húsavík: Þekkingarnet Þingeyinga  
Meðalaldur íbúa í Langanesbyggð: Þekkingarnet Þingeyinga  
60-109 ára íbúar á starfssvæði Þekkingarnetsins: Þekkingarnet Þingeyinga

*Ábyrgð/ritstjórn:*  
*Óli Halldórsson*

*Framkvæmd:*  
*Helena Eydís Ingólfsdóttir*

ISBN 978-9935-405-66-1



## EFNISYFIRLIT

<b><i>Inngangur</i></b> -----	<b>1</b>
<b><i>Sveitarfélög</i></b> -----	<b>2</b>
<b>Langanesbyggð</b> -----	<b>2</b>
<b>Svalbarðshreppur</b> -----	<b>5</b>
<b>Norðurþing</b> -----	<b>8</b>
<b>Tjörneshreppur</b> -----	<b>11</b>
<b>Þingeyjarsveit</b> -----	<b>14</b>
<b>Skútustaðahreppur</b> -----	<b>17</b>
<b><i>Starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga í heild</i></b> -----	<b>20</b>
<b>Byggðakjarnar</b> -----	<b>23</b>
Bakkafjörður-----	23
Þórshöfn-----	23
Raufarhöfn-----	24
Kópasker-----	24
Húsavík-----	25
Laugar-----	25
Reykjahlíð-----	26
<b>Þéttbýliskjarnar og dreifbýli</b> -----	<b>27</b>
685 og 686 Bakkafjörður-----	27
680 og 681 Þórshöfn-----	27
675 og 676 Raufarhöfn-----	28
670 og 671 Kópasker-----	28
640 og 641 Húsavík-----	29
650 Laugar og 645 Fosshóll-----	29
660 Mývatnssveit-----	30
Svæðið allt eftir póstnúmerum-----	30
<b>Íbúar á aldrinum 60-109 ára</b> -----	<b>31</b>
<b><i>Helstu niðurstöður</i></b> -----	<b>33</b>
<b><i>Heimildir</i></b> -----	<b>36</b>

## INNGANGUR

Frá árinu 2007 hefur starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga tekið saman tölur um mannfjöldapróun í einhverri mynd. Fyrsta skýrslan náði eingöngu til Norðurþings en tveimur árum síðar kom út fyrsta skýrslan sem náði til starfssvæðis Þekkingarnetsins í heild sinni. Umfjöllunarefnið var tímabilið frá 2002-2008. Síðan þá hefur samantektin þróast á þann veg að horft er til 10 ára tímabils í hverri skýrslu og íbúapróunin er skoðuð út frá fjölda, kyni og aldri. Síðari ár hafa bæst við skýrslurnar umfjöllun um tiltekna hópa s.s. yngri en 18 ára og íbúa á vinnualdri. Allt er þetta gert til að fylgjast með byggðapróun og hvernig mannfjöldinn skiptist niður á svæði, aldur og kyn.

Árið 2020 var um margt sérstakt, þar sem heimsfaraldurinn COVID-19 skall á með tilheyrandi afleiðingum m.a. fyrir atvinnulíf og þar með búsetu. Í Þingeyjarsýslum sást það meðal annars á því að færri störf voru við ferðaþjónustu en oft áður og gripið var til framleiðslustöðvunar hjá PCC BakkiSilicon og uppsagna samhliða henni. Hvort tveggja setur mark sitt á íbúatölur á starfssvæði Þekkingarnetsins við upphaf árs 2021. Áhugavert hefði verið að skoða sérstaklega tölur yfir búferlaflutninga til og frá svæðinu en það bíður betri tíma þar sem þær tölur hafa ekki verið birtar enn sem komið er.


Gögn skýrslunnar byggja á talnaefni frá Hagstofu Íslands og er miðað við þann mannfjölda sem mældur er 1. janúar ár hvert. Svæðið sem Þekkingarnetið sinnir er víðfeðmt, nær frá austanverðri Vaðlaheiði til Bakkafjarðar og er alls um 18 þúsund ferkílómetrar að stærð. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en annars skiptist svæðið í dreifbýli og nokkra minni byggðakjarna. Tölur um byggðakjarna eru byggðar á efni sem nær aftur til ársins 2012. Samantektin í ár er eins og á síðasta ári samantekt á þróun síðustu 10 ára. Hér er einnig skoðaður sérstaklega sá hópur sem tilheyrir eldri borgurum svæðisins, 60-109 ára, þ.e. bæði fjöldi og hlutfall af íbúafjölda fyrir hvert sveitarfélag og svæðið í heild sem og kynjaskipting hópsins.

Allar niðurstöðurnar eru settar fram myndrænt og leitast er við að hafa framsetningu skýra og einfalda.


Fyrri skýrslur um íbúapróun á svæðinu má nálgast á vefsíðu Þekkingarnetsins, [www.hac.is](http://www.hac.is), undir Útgefið efni.

# SVEITARFÉLÖG


## LANGANESBYGGÐ




Mynd 1. Íbúafjöldi í Langanesbyggð árin 2012–2021.



Mynd 2. Kynjaskipting í Langanesbyggð árin 2012–2021.



Mynd 3. Aldursdreifing í Langanesbyggð árin 2017 og 2021.




Mynd 4. Meðalaldur íbúa í Langanesbyggð í samanburði við landsmeðaltal.


Íbúum í Langanesbyggð fjölgaði á milli áráanna 2020 og 2021 um 4,56%, eftir að hafa fækkað árið áður, og eru nú jafnmargir og þeir voru árið 2019. Kynjahlutföll eru frekar ójöfn í Langanesbyggð en um 56% íbúa eru karlar og 44% íbúa eru konur. Hlutfallsleg fækkun karla var meiri en kvenna. Konum fjölgaði um 3,7% en körlum um 5,5%. Meðalaldur íbúa hækkaði um 0,5 ár og er nú 38,8 ár og er nú 0,4 árum yfir landsmeðaltali. Þetta er þriðja árið í röð sem íbúar Langanesbyggðar eru með meðalaldur yfir landsmeðaltali. Þegar aldersdreifing var borin saman fyrir árin 2017 og 2021 kom í ljós að línuleg leitni karla er lítið breytt, hallar á sama veg en á henni sést að körlum hefur fjölgað. Línuleg leitni kvenna gefur aftur á móti til kynna að konum í yngri aldurshópnum fækkar og að konum fækkar töluvert á milli ára. Stúlkum á aldrinum 0-4 ára fækkaði mest. Þá var einnig töluvert fækkun meðal kvenna á aldrinum 10-15 ára og 35-39 ára.




## SVALBARÐSHREPPUR




Mynd 5. Íbúafjöldi í Svalbarðshreppi árin 2012–2021.



Mynd 6. Kynjaskipting íbúa í Svalbarðshreppi árin 2012–2021.




Mynd 7. Aldursdreifing í Svalbarðshreppi árin 2017 og 2021.




*Mynd 8. Meðalaldur íbúa í Svalbarðshreppi í samanburði við landsmeðaltal.*

Íbúum í Svalbarðshreppi fjölgaði um einn á milli áráanna 2020 og 2021 og eru nú 94 talsins. Jafn margir karlar og konur búa nú í Svalbarðshreppi, 47 karlar og 47 konur, en konum fjölgaði um tvær á milli ára á meðan körlum fækkaði um einn. Meðalaldur íbúa sem hefur haldist því sem næst óbreyttur frá árinu 2017 hækkaði um 1,5 ár á milli áráanna 2020 og 2021. Aldursdreifing er nokkuð ójöfn og erfitt er að draga ályktanir um hana með svo fáa íbúa.


## NORÐURÞING




Mynd 9. Íbúaföldi í Norðurþingi árin 2012–2021.



Mynd 10. Kynjaskipting í Norðurþingi árin 2012–2021.




Mynd 11. Aldursdreifing í Norðurþingi árin 2017 og 2021.




Mynd 12. Meðalaldur í Norðurþingi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Norðurþingi fækkaði um 85 á milli árána 2020 og 2021 eftir að hafa fjölgað árið áður. Fækkunin nemur 2,7%. Hlutfall kvenna og karla var sambærilegt frá árinu 2011 til ársins 2016 þegar karlmönnum tók að fjölga töluvert til ársins 2018 á meðan konum fór frekar fækkandi. Á milli árána 2020 og 2021 fækkar konum hlutfallslega minna en körlum og kynjahlutföllin fara úr 45,9% konur í 46,8% konur og úr 54,1% karlar í 53,2% karlar. Meðalaldur íbúa í Norðurþingi er áfram á milli 40 og 41 ár eins og undanfarin ár, 40,6 ár við upphaf árs 2021 eða um tvö ár yfir landsmeðaltali. Línuleg leitni bendir til fjölgunar í yngri aldurshópum. Þegar litið var á aldursdreifingu kom í ljós að aldursdreifing kvenna var sambærileg árið 2017 og 2021 ef frá er talinn aldurshópurinn 25-34 ára sem er fjölmennari 2021. Sami hópur er fjölmennari hjá körlum árið 2021 en 2017 en eldri aldurshópar, 40-59 ára, eru fámennari meðal karla árið 2021 en árið 2017. Helstu skýringar á breytingum á þessum aldurshópi karla er að finna í framkvæmdatíma vegna þeistareykja og Bakka en þá fjölgaði mikið í hópi karla á þessum aldri.


## TJÖRNESHREPPUR



Mynd 13. Íbúafjöldi í Tjörneshreppi árin 2012–2021.




Mynd 14. Kynjaskipting íbúa í Tjörneshreppi árin 2012–2021.



Mynd 15. Aldursdreifing í Tjörneshreppi árin 2017 og 2021.







*Mynd 16. Meðalaldur í Tjörneshreppi í samanburði við landsmeðaltal.*

Íbúum í Tjörneshreppi fjölgaði um tvo á milli árána 2020 og 2021 og eru nú 56 talsins. Tjörneshreppur er áfram eina sveitarfélagið á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga þar sem konur eru í meirihluta íbúa. Meðalaldur er um það bil tveimur áratugum yfir landsmeðaltali og hefur hækkað um rúmlega tvö ár frá 2018 en lækkaði um 0,1 ár á milli árána 2020 og 2021. Meðalaldur er hvergi hærri á svæðinu en í Tjörneshreppi. Aldursdreifing var mjög ójöfn og erfitt er að draga ályktanir út frá henni vegna fámennis í sveitarfélaginu.


## ÞINGEYJARSVEIT




Mynd 17. Íbúafjöldi í Þingeyjarsveit árin 2012–2021.



Mynd 18. Kynjaskipting í Þingeyjarsveit árin 2012–2021.




Mynd 19. Aldursdreifing í Þingeyjarsveit árin 2017 og 2021.




*Mynd 20. Meðalaldur íbúa í Píngeyjarsveit í samanburði við landsmeðaltal.*

Íbúum í Píngeyjarsveit fækkaði um 10 milli ára eða um 1% og hafa ekki verið færri síðastliðin tíu ár. Hvort tveggja körlum og konum fækkaði á milli áráanna 2020 og 2021, körlum fækkaði þó ívið meira en konum og leitar kynjahlutfallið því enn í jafnari átt. Línuleg leitni kvenna bendir til áþekkrar stöðu og var árið 2017 en línuleg leitni karla bendir til fækkunar og hækkunar í aldri frá því sem var árið 2017. Það ár stóðu yfir framkvæmdir á Þeistareykjum í tengslum við Þeistareykjavirkjun sem útskýrir mikla fækkun í hópi karla á aldrinum 25-59 ára. Meðalaldur heldur áfram að hækka og er nú 44,1 ár.


## SKÚTUSTAÐAHREPPUR




Mynd 21. Íbúafjöldi í Skútustaðahreppi árin 2012–2021.



Mynd 22. Kynjaskipting í Skútustaðahreppi árin 2012–2021.







Mynd 23. Meðalaldur íbúa í Skútustaðahreppi í samanburði við landsmeðaltal.

Eftir að hafa verið fleiri en 500 tvö ár í röð fækkaði íbúum í Skútustaðahreppi úr 507 í 471 á milli 2020 og 2021 en það er í fyrsta skipti í 7 ár sem íbúum fækkar í hreppnum. Eftir nokkur ár þar sem kynjahlutföll hafa verið mjög jöfn dregur aðeins í sundur með kynjunum og konur eru nú færri en karlar. Konurnar eru 48% íbúa og karlar 52%. Sveitarfélagið var á síðasta ári það sveitarfélag á starfssvæði Þekkingarnetsins sem íbúar höfðu lægstan meðalaldur en á milli áráanna 2020 og 2021 hækkar meðalaldur um rúm 3 ár úr 37,4 árum í 40,6 ár og er kominn yfir landsmeðaltal eftir að hafa verið undir því síðustu þrjú ár og lækkað jafnt og þétt á tímabilinu 2014 til 2019. Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar í samanburði við aldursdreifingu í sveitarfélaginu kemur í ljós að fjölgun íbúa á milli áráanna 2017 og 2021 er mest meðal þeirra sem eru 25-39 ára. Því fylgir aðeins fjölgun í 5-9 ára aldurshópunum. Þá er athyglisverð fjölgun í hópi 60-64 ára karla og kvenna.

## STARFSSVÆÐI ÞEKKINGARNETS ÞINGEYINGA Í HEILD




Mynd 24. Heildarmannfjöldi á svæði Þekkingarnets Þingeyinga árin 2012-2021.




Mynd 25. Kynjaskipting íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins á árunum 2012-2021.





Mynd 26. Samantekt á aldursdreifingu á öllu svæðinu árin 2017 og 2021.




*Mynd 27. Meðalaldur íbúa í Píngeyjarsýslu í samanburði við landsmeðaltal.*

Þegar svæðið var skoðað í heild sinni kom í ljós að íbúum fækkaði um 2% á milli ára. Fjöldinn er þó sá næstmesti á því 10 ára tímabili sem hér er til skoðunar. Hvort tveggja körlum og konum fækkaði. Körlum fækkaði þó meira en konum. Hlutfall kvenna var 46,8% á móti 53,2% hjá körlum. Meðalaldur hefur verið því sem næst óbreyttur á milli ára en hefur farið aðeins lækkandi frá árinu 2017 en hækkaði á milli árunna 2020 og 2021 og er núna 41,1 ár sem er um það bil það sama og 2017. Þegar aldursdreifingin var skoðuð kom í ljós að bæði karlar og konur á aldrinum 25-34 ára voru töluvert fleiri árið 2021 en 2017. Drengir á aldrinum 0-4 ára og 10-14 ára eru fjölmennari árið 2021 en 2017 sem og stúlkur á aldrinum 5-9 ára. Ungmennum á aldrinum 15-24 ára fer fækkandi.


## BYGGÐAKJARNAR

### Bakkafjörður




Mynd 28. Íbúafjöldi á Bakkafirði árin 2012–2021.

### Þórshöfn




Mynd 29. Mannfjöldi á Þórshöfn árin 2012–2021.

## Raufarhöfn




Mynd 30. Mannfjöldi á Raufarhöfn árin 2012–2021.

## Kópasker




Mynd 31. Mannfjöldi á Kópaskeri árin 2012–2021.

## Húsavík




Mynd 32. Mannfjöldi á Húsavík árin 2012–2021.

## Laugar



Mynd 33. Mannfjöldi á Laugum árin 2012–2021.


## Reykjahlíð



Mynd 34. Mannfjöldi í Reykjavíki árin 2012–2021.


## ÞÉTTBÝLISKJARNAR OG DREIFBÝLI

### 685 og 686 Bakkafjörður




Mynd 35. Mannfjöldi í pósthúsum 685 og 686 Bakkafjörður.

### 680 og 681 Þórshöfn




Mynd 36. Mannfjöldi í pósthúsum 680 og 681 Þórshöfn.

## 675 og 676 Raufarhöfn



Mynd 37. Mannfjöldi í póstnúmerunum 675 og 676 Raufarhöfn.


## 670 og 671 Kópasker



Mynd 38. Mannfjöldi í póstnúmerunum 670 og 671 Kópasker.




## 640 og 641 Húsavík




Mynd 39. Mannfjöldi í póstnúmerunum 640 og 641 Húsavík.

## 650 Laugar og 645 Fosshóll




Mynd 40. Mannfjöldi í póstnúmerunum 645 Fosshóll og 650 Laugar.

## 660 Mývatnssveit




Mynd 41. Mannfjöldi í póstnúmerinu 660 Mývatnssveit (Reykjahlíð og nærsveitir).

## Svæðið allt eftir póstnúmerum




Mynd 42. Mannfjöldi á svæðinu öllu eftir póstnúmerum.


## ÍBÚAR Á ALDRINUM 60-109 ÁRA




Mynd 43. Hlutfall íbúa á aldrinum 60-109 ára eftir sveitarfélögum á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga frá 2012–2021.



Mynd 44. Fjöldi íbúa á aldrinum 60-109 ára í hverju sveitarfélagi á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga frá 2012–2021.



Mynd 45. Fjöldi íbúa á aldrinum 60-109 ára eftir aldri á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga frá 2012-2021.



Mynd 46. Fjöldi karla og kvenna á aldrinum 60-109 ára á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga 2012-2021.

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Í **Langesbyggð** fjölgaði íbúum um 4,56 % á milli árunna 2020 og 2021. Kynjahlutföll eru frekar ójöfn í Langesbyggð þar sem 56% íbúa eru karlar og 44% íbúa eru konur. Meðalaldur íbúa var 38,8 ár og er nú örlítið undir landsmeðaltali. Þegar aldursdreifing var borin saman árin 2017 og 2021 kom í ljós að línuleg leitni karla var nær óbreytt en sýnir þó fjölgun meðal karla á meðan línuleg leitni kvenna gefur til kynna fækkun í yngri aldurshópum á þessu 5 ára tímabili.

Íbúum í **Svalbarðshreppi** fjölgaði um einn frá árinu áður og eru þeir nú 94 talsins. Körlum fækkaði um þrjá en konum fjölgaði um fimm. Meðalaldur íbúa hækkaði örlítið og er nú 40,1 ár sem er hæsti meðalaldur í Svalbarðshreppi síðastliðin tíu ár. Aldursdreifing er nokkuð ójöfn og erfitt að álykta um hana með svo fáa íbúa.

Íbúum í Norðurþingi fækkaði um 85 eða 2,7% á milli ára. Konum fækkaði um 11 en körlum um 74. Kynjahlutföllin eru nú 46,8% konur og 53,2% karlar. Meðalaldur íbúa í Norðurþingi hækkar og er 40,6 ár við upphaf árs eða um tvö ár yfir landsmeðaltali. Línuleg leitni bendir til fjölgunar í yngri aldurshópum. Þegar litið var á aldursdreifingu kom í ljós að aldursdreifing kvenna var sambærileg árið 2017 og 2021 ef frá er talinn aldurshópurinn 25-34 ára sem er fjölmennari 2021. Sami hópur er fjölmennari hjá körlum árið 2021 en 2017 en eldri aldurshópar, 40-59 ára, eru fámennari meðal karla árið 2021 en árið 2017. Helstu skýringar á breytingum á þessum aldurshópi karla er að finna í framkvæmdatíma vegna Þeistareykja og Bakka en þá fjölgaði mikið í hópi karla á þessum aldri.

Í **Tjörneshreppi** fjölgaði íbúum um tvo frá árinu 2020 og eru þeir nú 56 talsins. Tjörneshreppur er áfram eina sveitarfélagið á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga þar sem konur eru í meirihluta íbúa. Meðalaldur er um það bil 20 árum yfir landsmeðaltali en hann hækkaði um tvö ár og er nú 58 ár. Aldursdreifing er mjög ójöfn en erfitt er að draga ályktanir út frá henni vegna fámennis í sveitarfélaginu.

Íbúum **Þingeyjarsveitar** fækkaði um 10 á milli ára eða um það bil 1%. Íbúar eru nú 852 og hafa ekki verið færri síðastliðin tíu ár. Hvort tveggja körlum og konum fækkaði á milli árunna 2020 og 2021. Körlum fækkaði þó ívið meira en konum og leitar kynjahlutfallið því í jafnari átt. Meðalaldur heldur áfram að hækka og er nú 44,1 ár. Línuleg leitni kvenna bendir til áþekkrar stöðu og var árið 2017 en línuleg leitni karla bendir til fækkunar og hækkunar í aldri frá því sem var árið 2017. Það ár stóðu yfir framkvæmdir á

Þeistareykjum í tengslum við Þeistareykjavirkjun sem útskýrir mikla fækkun í hópi karla á aldrinum 25-59 ára á þessu fimm ára tímabili.

Íbúar í **Skútustaðahreppi** voru yfir 500 tvö ár í röð en fækkaði nú úr 507 í 471 á milli ára, en það er í fyrsta skipti í 7 ár sem íbúum í hreppnum fækkar. Kynjaskipting sem hefur verið mjög jöfn er nú þannig að 48% íbúa eru konur og 52% íbúa eru karla. Meðalaldur í Skútustaðahreppi hækkaði um rúm 3 ár á milli ára úr 37,4 árum í 40,6 ár og er nú kominn yfir landsmeðaltal eftir að hafa verið undir því síðastliðin þrjú ár. Skútustaðahreppur er það sveitarfélag þar sem meðalaldur er lægstur á starfssvæði Þekkingarnetsins eða tæpu ári undir landsmeðaltali eða 37,4 ár. Þegar aldursdreifing og kynjaskipting er borin saman á milli áranna 2017 og 2021 kemur í ljós að fleiri íbúar eru nú á aldrinum 25-39 ára. Því fylgir aðeins fjölgun í 5-9 ára aldurshópunum. Þá er athyglisverð fjölgun í hópi 60-64 ára karla og kvenna.

Þegar **svæðið er skoðað í heild** sinni kemur í ljós að íbúum fækkaði um 2% á milli ára. Fjöldi íbúa er þó sá næstmesti á því 10 ára tímabili sem hér er til skoðunar. Hvort tveggja körlum og konum fækkaði, körlum þó meira en konum. Hlutfall kvenna var 46,8% á mótí 53,2% hjá körlum. Meðalaldur hefur verið því sem næst óbreyttur á milli ára en hefur farið aðeins lækkandi frá árinu 2017 en hækkaði á milli áranna 2020 og 2021 og er núna 41,1 ár sem er um það bil það sama og 2017. Þegar aldursdreifingin var skoðuð kom í ljós að bæði karlar og konur á aldrinum 25-24 ára voru töluvert fleiri árið 2021 en 2017. Drengir á aldrinum 0-4 ára og 10-14 ára eru fjölmennari árið 2021 en 2017 sem og stúlkur á aldrinum 5-9 ára. Ungmönnum á aldrinum 15-24 ára fer fækkandi.

### **Byggðakjarnar og dreifbýli**

Niðurstöður um fjölda íbúa í byggðakjörnum á svæðinu sýnir að íbúum á **Bakkafirði** **hefur fækkað** jafnt og þétt frá árinu 2015 ef frá eru talin árin 2019 og 2021. Fækkunin nemur 27,9%. Neikvæð þróun hefur einnig átt sér stað í dreifbýlinu í nágrenni Bakkafjarðar en þar hefur íbúum fækkað úr 25 í 13 eða um 48%. Íbúum á **Þórshöfn** fjölgaði á milli áranna 2020 og 2021 um 18 manns. Íbúafjöldi í dreifbýlinu er áþekkur þar sem fjölgaði um einn á milli áranna 2020 og 2021. Á **Raufarhöfn** fjölgaði íbúum um 13 og í dreifbýlinu fjölgaði um einn. Á undanförunum 10 árum hefur íbúafjöldi á Raufarhöfn sveiflast til um sem nemur um 26 íbúa frá því sem fjölmennast og fámennast hefur verið. Á **Kópaskeri** fjölgaði íbúum um sex. Íbúar þar hafa ekki verið fleiri á því tíu ára tímabili

sem hér er til skoðunar. Í dreifbýlinu fækkaði íbúum aftur á móti úr 196 í 188 á milli ára. Íbúum á **Húsavík** fækkaði um 31 á milli ára. Síðastliðin tíu ár hefur íbúum á Húsavík fjölgað um 6,3%. Þegar litið var á mannfjölda eftir pósthúsnúmerunum 640 og 641 var þróun mannfjölda sambærileg í þéttbýli og dreifbýli. Á **Laugum** heldur íbúum áfram að fækka og fækkaði nú um einn. Sömu sögu er að segja af dreifbýlinu kringum Lauga og í Bárðardal. Íbúum í **Reykjahlíð** fækkaði um 29 á milli áranna 2020 og 2021, en eru þó ennþá um 28% fleiri en árið 2012. Í dreifbýlinu í Skútustaðahreppi fjölgaði um 13. Nú búa 52 fleiri íbúar í dreifbýli en þéttbýli í Skútustaðahreppi, þar hefur dreifbýlið unnið á frá árinu 2014.

### **Íbúar á aldrinum 60-109 ára**

Þar sem framundan er bygging nýs hjúkrunarheimilis á Húsavík sem þjónusta mun íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins þótti okkur forvitnilegt að skoða þróun íbúa á aldrinum 60-109 ára sérstaklega. Hópurinn telur í heild um 25% af öllum íbúafjölda á starfssvæði Þekkingarnetsins.

Á því 10 ára tímabili sem hér er til skoðunar sést að hópurinn hefur farið stækkandi í öllum sveitarfélögunum sex sem eru á starfssvæðinu. Á Tjörnesi telur hann um helming mannfjöldans í hreppnum sem verður að teljast einstakt og í Þingeyjarsveit fer þessi hluti mannfjöldans yfir 30%. Annars staðar er hann á milli 20% og 30%

Ef hópurinn er brotinn upp í 10 ára aldursbil vekur athygli að allir hóparnir hafa stækkað frá 2012-2021 nema 80-89 ára aldurshópurinn er þar fækkar á tímabilinu úr 226 í 200 eða um 12%. Við upphaf tímabilsins erum við með árganga 1923-1932 en við lok þess árganga 1932-1941. Mögulega hafa síðari árgangarnir frá upphafi verið fámennir en það var ekki skoðað við gerð þessarar skýrslu. Það vekur athygli að kynjahlutföllin eru framan af tímabilinu frekar jöfn. En þegar líður á tímabilið og að framkvæmdatíma á Þeistareykjum fjölgar í hópnunum og sér í lagi meðal karla. Árið 2015 voru konur 48,7% af hópnunum en árið 2021 eru þær 46,5% af honum.

## HEIMILDIR

Hagstofa Íslands (2015). Mannfjöldi 1. janúar 2021. Sótt á [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) 22. mars 2021.



